

Umbrotin í Evrópu geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar

Eftir Styrimi Gunnarsson

Það er nokkuð ljóst að sú uppreisn Miðjarðarhafsríkja gegn þýzkum yfirráðum innan Evrópusambandsins, sem Romano Prodi, fyrrum forsætisráðherra Ítalíu og forseti framkvæmdastjórnar ESB um skeið, hvatti til fyrir allmörgum mánuðum er hafin. Kveikjan að henni urðu úrslit þingkosninganna í Grikklandi fyrir viku.

Þýzka tímaritið Der Spiegel segir að þótt leiðtogar annarra ESB-ríkja komi ekki fram til stuðnings Grikkjum geri þeir sér vonir um að framganga nýrra valdhafa þar leiði til breytinga á valdajafnvægi á meginlandi Evrópu.

Enn einu sinni er það sterk staða Þýskalands, sem veldur óróa í Evrópu, þótt með öðrum hætti sé en áður.

En jafnframt er athyglisvert að Spiegel telur evruna ekki sameiningarafl í Evrópu eins og henni var ætlað, heldur sé hún að sundra álfunni og stöðva sameiningarþróun Evrópuríkja.

Þetta er umhugsunarefni fyrir þann hóp Íslendinga, sem hefur viljað og vill enn sækjast eftir aðild að Evrópusambandinu en drifkrafturinn í þeirri baráttu hefur frá upphafi verið evran, sem þessum hópum hefur þótt eftirsóknarverð.

Það er hins vegar ekki bara evran, sem er að sundra Evrópu. Það er sameiningarþróunin að gera líka.

Þegar svo er komið að flokkar yzt til hægri og vinstri eru að brjótast til valda um alla álfuna er ljóst að hófsamari stjórnámálemenn hafa misst jarðsamband. Þeir ná ekki lengur til fólksins í þessum löndum, sem bersýnilega hefur ekki trú á að evrópskt stórríki sé æskilegur kostur fyrir íbúa þessara landa.

Evran er í uppnámi og sameiningarþróunin er í uppnámi.

En til viðbótar kemur að enn einu sinni loga landamæri þeirra ríkja, sem eiga land að Rússlandi.

Vonir um eðlilegt samband annarra Evrópuríkja við Rússland eru að engu orðnar.

Sumir líta svo á að nýtt kalt stríð sé hafið.

En hvað sem menn vilja kalla það er auðvitað ljóst að samskipti sem snúast um það hversu langt eigi að ganga í refsiaðgerðum gagnvart Rússum eru ekki eðlileg.

Og nú er ekki lengur um það deilt hvort rússneskir hermenn eru í austurhluta Úkraínu heldur hvort þeir eru „sjálfboðaliðar“ eða hermenn sem þangað hafa verið sendir af rússneskum stjórnvöldum.

Það er tími til kominn að þeir hópar Íslendinga, sem enn vilja aðild að Evrópusambandinu átti sig á hvað er að gerast á meginlandinu.

Við erum vitni að upphafi umbrota innan Evrópusambandsins, sem enginn getur fullyrt um hvar muni enda

en meiri líkur en minni á að þær leiði til mikilla breytinga á samskiptum þessara ríkja frá því sem verið hefur síðustu áratugi.

Það er ekki aðeins að það henti ekki íslenskum hagsmunum að verða þátttakandi í þessari þróun.

Það getur beinlínis verið hættulegt,